

**LÖG****um breyting á lögum nr. 62/1979, um landflutningasjóð.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. Framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 14 14. apríl 1980.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968, lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 og lög nr. 44 11. maí 1982, um breyting á þeim lögum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist og hljóði þannig:

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.